

Umhverfisnefnd Alþingis
nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2009

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. 187. mál, heildarlög.

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar fyrirtækisins um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, 187. mál.

Orkuveita Reykjavíkur fagnar því að fram hafi komið frumvarp til heildarlaga um fráveitur og hvetur til þess að afgreiðslu frumvarpsins verði hraðað eftir föngum. Starfsmaður fyrirtækisins átti sæti í nefnd þeirri sem vann tillögu að frumvarpinu og hefur þegar komið athugasemdum á framfæri í vinnu nefndarinnar. Þó vill fyrirtækið benda á eftirfarandi atriði sem það telur að betur mætti fara í frumvarpinu:

Í 16. tl. 3. gr. frv. er þéttbýli skilgreint. Orkuveita Reykjavíkur telur að í skilgreiningunni ætti einnig að vísa til þéttbýlis skv. aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags, enda skal á sveitarfélagsupphætti aðalskipulags auðkenna þéttbýlisstaði sem einn landnotkunarflokk, þéttbýli, sbr. gr. 4.1.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. m.s.br.

Í 9. gr. frv. er tekið fram að landeigandi skuli koma á fót fráveitu. Orkuveita Reykjavíkur telur að í ákvæðið ætti að bæta félagi um frístundabyggð í samræmi við ákvæði 19. gr. laga nr. 75/2008 um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, enda ekki víst að landareign sé í eigu eins aðila.

Í 15. gr. frv. er fjallað um gjaldskrá fráveitu. Þar er í 2. mgr. er fjallað um viðmiðun fráveitugjalds. Orkuveita Reykjavíkur telur að tilgreina mætti arðsemisviðmið. Fyrirtækið vísar til þess sem segir í nefndaráliti félagsmálanefndar Alþingis um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, sbr. 130. löggjafarþing 2003–2004, þskj. 1264—576. mál: „Hvað varðar 10. gr. var m.a. ræddur sá möguleiki að við greinina bættist ákvæði sem heimilaði sveitarfélögum að áskilja sér sérstaklega ákveðinn arð af rekstri vatnsveitna. Niðurstaða nefndarinnar var aftur sú að mæla með að ákvæði 10. gr. stæði óbreytt. Þannig munu sveitarstjórnir geta krafist arðs af vatnsveitum sem eru í þeirra eigu á grundvelli almennrar heimildar í 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, þar sem segir að sveitarfélög skuli setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og þeim sé heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið sé í rekstri þeirra.“



Í 21. gr. frv. er reglugerðarheimild. Orkuveita Reykjavíkur telur nauðsynlegt að sett verði reglugerð um efni frv. ef það verður að lögum. Því ætti að mati fyrirtækisins að vera um skyldu að ræða, auk þess sem tilgreina mætti efni reglugerðarheimildar í ákvæðinu.

Virðingarfyllst,